

Auglýsing

98
9. júlí

um breyting á Reglum um afnot Landsbókasafnsins, dags. 21. apríl 1909.

1. Aftan við 6. gr. bætist:
Lántakendum eru bönnuð öll endurlán til annara manna.
2. 10. gr. stafl. e. orðist svo:
e. Skáldsögur og aðrar skemtibækur íslenzkar.

Í stjórnarráði Íslands, 9. júlí 1910.

Björn Jónsson.

Eggert Briem.

Erindisbréf

99
9. júlí

fyrir Landsbókavörð og bókaverði við Landsbókasafn Íslands.

A. Landsbókavörður.

Landsbókavörður hefir eftirlit og yfirumsjón með allri vinnu í þarfir Landsbókasafnsins.

Hann annast öll viðskifti safnsins út á við og hefir á hendi öll bréfa- viðskifti þess utanlands og innan.

Hann heldur alla reikninga safnsins og semur við hver árslok nákvæman ársreikning yfir allar tekjur þess og útgjöld og sendir hann síðan stjórnarráðinu með fylgiskjöllum. Ennfremur annast hann um hinn fasta sjóð safnsins, og ber ábyrgð á honum.

Hann gerir út um öll kaup á bókum, tímaritum og handritum í samráði við nefnd þá, er sett er honum til ráðuneytis í þeim efnum, og pantar allar þær bækur og tímarit, er safnið kaupir, og veitir yfir höfuð öllu prentmáli þess viðtöku; rita skal hann bækur allar og tímarit inn í viðtökubók, stimpla þau og tölumerkja.

Hann skal, auk viðtökubókar, halda bæði nákvæma kassabók yfir innborganir allar og útborganir í þágur safnsins, pantanabók yfir bækur og tímarit og bréfabók yfir bréf þau, er hann ritar fyrir safnið.

Hann semur hina árlegu ritaukaskrá, er safnið gefur út, og undirbýr hana jafnóðum og ritin eru merkt og skráð í aðfangabók þann veg, að gerður er miði fyrir hverja bók með titli hennar og flokksmarki. Ritinu fylgi örstutt skýrsla um hag og störf safnsins umliðið ár.